

7. gr.

4

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar sveitarsjóðsins. 13. jan.

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálpi, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálpi í viðlögum og samþykkt þessari, greiðist að $\frac{1}{3}$ úr rikissjóði en $\frac{2}{3}$ úr sveitarsjóði hreppsins.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefndin í Torfalækjarhreppi hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10 25. jan. 1952, um heimilishjálpi í viðlögum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. janúar 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

5

16. jan.

um fjallskil, fjármörk o. fl. í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Hver fjáreigandi í Vestmannaeyjum er skyldur til að leggja mann eða menn til fjársafnsins, eftir því sem fjallskilanevndin fyrirskipar. Heimilt er fjallskilanevnd, ef hún þykist geta gert það safninu að skaðlausu, að lofa tveimur eða fleirum að leggja saman.

2. gr.

Fjáröfn eru 3, öll að haustinu. Auk þess má fjallskilanevnd kveðja til auka-safns að vori eða vetri, ef þurfa þykir. Fjallskilanevnd ákveður, hvenær ganga skal til hvers einstaks safns, en auglýsa skal hún það minnst degi á undan á hér tíðkanlegan hátt. Enn fremur skal hún kalla sérstaklega hvern skyldan mann í safnið að morgni þess dags, sem safnað er.

3. gr.

Fjallskilanevnd ákveður, hvaða svæði fjáreigendur hver um sig skuli láta leita. Skulu þeir leggja til fullgildan mann til þeirra leita, sem fari af stað, undir eins og búið er að kalla. Þyki fjallskilanevnd einhverjir hafa sent menn, sem eigi séu gildir, má hún taka aðra á þeirra kostnað í eftirleit, ef fé hefur orðið eftir og kæra þá til sekta.

4. gr.

Allar leitir skulu fara fram samhliða, svo eigi tynist fé eða renni á milli og ber gangnamönnum að haga sér í göngunum eftir fyrirmælum fjallskilanevndar eða þeirra, sem í umboði hennar stjórna safninu.

5. gr.

Safnrétt Vestmannaeyja skal vera í Döllum. Um viðhald réttarsvæðis sér bæjar-sjóður Vestmannaeyja.

5

16. jan.

6. gr.

Allir gangnamenn eru skyldir til að reka til réttar og annast innrekstur í réttina eftir því sem fjallskilanevnd skipar fyrir. Fjallskilanevndin kveður upp, hvenær réttum er lokið og gætir þess, að allt fari fram í góðri reglu. Hver og einn er skyldur til að hlýða ráðstöfunum hennar í því efni.

7. gr.

Komi fé fyrir í haustréttum, sem enginn getur helgað sér, skal það selt í síðustu haustrétt og fellur andvirði þess í bæjarsjóð að frádregnum kostnaði eftir ár og dag frá söludegi. Óskilafé með marki, sem selt er á uppboði, skal auglýst í Lögbirtinga-
blaðinu og á vanalegan hátt í Vestmannaeyjum.

8. gr.

Enginn má hafa nema eitt fjármark í Vestmannaeyjum. Skal hver sá, er upp tekur nýtt fjármark, tilkynna fjallskilanevnd það skriflega fyrir 1. júní ár hvert, og ber henni að innfæra það þegar í markaskrá bæjarins gagn 25.00 kr. gjaldi.

9. gr.

Markaskrá skal prenta tíunda hvert ár fyrir bæinn, í svo mörgum eintökum, sem þurfa þykir. Þegar bæjarstjórn ákveður endurprentun markaskrár, skal hver fjár-
eigandi skyldur til að tilkynna fjallskilanevnd fjármark sitt og brennimark, ef hann vill hafa það og greiða um leið 25.00 kr. fyrir eignarmark, þar með talið brennimark.

10. gr.

Verði einhver þess var, að fé sé í sveltí í hömrum eða komist í aðra ófæru, skal hann tafarlaust tilkynna fjallskilanevnd það og ber henni að sjá um björgun þess. Heimilt er fjallskilanevnd og öðrum, er bjarga fé úr sveltí, að halda því, þar til bjarglaun hafa verið greidd. Finnist ekki eigandi að björguðu fé, skal farið með það sem óskilafé, og greiðir fjallskilanevndin þá bjarglaun af andvirði hins selda, meðan það hrekkur til og ef á vantar, úr bæjarsjóði. Fjallskilanevnd á úrskurðarvald um, hvort fært sé að ná fé lifandi úr sveltí.

11. gr.

Enginn má láta hrúta ganga lausa á Heimaey. Hrútar, sem sleppt kann að vera í haga á Heimaey, skulu leitaðir uppi sem fyrst á kostnað eigenda og skal fjallskilanevndin annast um framkvæmd þessa.

12. gr.

Enginn má sleppa fé lausu á Heimaey á tímabilinu frá 20. apríl til 15. október ár hvert. Gildir það jafnt um fullorðið fé sem lambfé.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 2500.00 kr. og renna þær í bæjarsjóð.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

14. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Vestmannaeyjar nr. 170 um fjársöfnun, réttahöld, fjármörk o. fl. í Vestmannaeyjum, útgefin og staðfest 25. nóv. 1919.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefur samið og samþykkt samkv. 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12 31. maí 1927, staðfestist hér 16. jan. með til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. janúar 1958.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

BYGGINGARSAMÞYKKT

6

16. jan.

fyrir Rangárvallasýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar húsbygginga er teljast framhúðarbyggingar á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar. — Undanskilin eru þó ákvæðum samþykktarinnar þau kaптún, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1905. Setji slíkir staðir sér síðan samþykkt, þá eru þeir þar með undanþegnir ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins. Hann skal vera húsameistari eða húsasmíðameistari með fullum réttindum og ráðinn til tveggja ára í senn.

Byggingarfulltrúi skal vera formaður bygginganefnda hinna einstöku hreppa og hefur á hendi eftirlit um, að fyrirmælum byggingarsamþykktar sé fylgt.

3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast af sýslusjóði að $\frac{1}{2}$ og Byggingarsjóði að $\frac{1}{2}$. — Oddviti sýslunnar annast greiðslu launa til fulltrúans, gegn endurgreiðslu frá Byggingarsjóði að hluta sjóðsins. — Heimilt er sýslunefnd að jafna niður þeim kostnaði, er sýslan hefur af launagreiðslum byggingarfulltrúa og öðrum kostnaði, er hún hefur af starfi hans, svo sem ferðakostnaði, jöfnum höndum sem fastagjaldi og í hundradshlutum af fasteignamatsverði jarða.

4. gr.

Greiðsla Byggingarsjóðs er háð þessum takmörkunum:

1. Að tala byggingarfulltrúa fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, fari ekki yfir 7.
2. Að skipting starfssvæða byggingarfulltrúa sé þessi:
 1. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Hnappadalssýsla, Snæfellsnessýsla og Dalasýsla.
 2. Vestur- og Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
 3. Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýsla.
 4. Eyjafjarðarsýsla, Suður- og Norður-Þingeyjarsýslur.
 5. Norður- og Suður-Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýsla.
 6. Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
 7. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
3. Að byggingarfulltrúum séu greidd sömu laun og þeim embættismönnum ríkisins er laun taka eftir VIII. flokki launalaga.